

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 2. mars 2021
Mnr. 2012120018



ÍS AFJARÐARBÆR

Tillaga að breytingum á bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar**8. gr. Fundir bæjarstjórnar****Núverandi 1. mgr. 8. gr.**

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á almennan frídag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og skulu ekki standa lengur en þrjár klukkustundir.

Verður:

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á almennan frídag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og skulu ekki standa lengur en þrjár klukkustundir. Bæjarstjórn er heimilt að breyta fundartíma sínum, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótagkvæðalaust

16. gr. Fundarskör og ritun fundargerða**Núverandi 1. mgr. 16. gr:**

Við ritun funda skal fylgt leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna sem ráðuneyti setur sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundir bæjarstjórnar eru hljóðritaðir nema bæjarstjórn ákveði annað.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi: [...]

Verður :**I. Ritun fundargerða**

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir ráða og nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða ráð og nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Fundargerð skal skráð í tölvu. Færa skal í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðatal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Fundir bæjarstjórnar eru hljóðritaðir nema bæjarstjórn ákveði annað.

Fundargerð skal birt og vera aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, ásamt fylgigönum, í samræmi við lög á hverjum tíma.

Sjá nánar um fundarritun í auglýsingu ráðherra um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. og 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá hefst 2. mgr. á eftirfarandi hátt:

II. Fundarskör

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi: [...]

36. gr. Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Núverandi 36. gr. :

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum, erindisbréfum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

Vald nefndar til fullnaðarafgreiðslu máls getur þó aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett. Heimildir nefnda eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir, og eru háðar staðfestingu bæjarstjórnar.

Verður:

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum Ísafjarðarbæjar fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga. Slík mál mega ekki varða fjárhag bæjarins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 1. mgr. er bæjarstjórn heimilt að fela öðrum starfsmönnum innan stjórnssýslu Ísafjarðarbæjar fullnaðarafgreiðslu mála. Bæjarstjórn, bæjarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 2. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd, skv. samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskör bæjarstjórnar, taki ákvörðun í máli.

Þegar bæjarstjórn neytir heimildar skv. 1. og 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir, og eru háðar staðfestingu bæjarstjórnar.

Ný grein bætist við samþykktirnar:

Samþykki bæjarstjórn að formgera þær heimildir sem einstaka nefndir og/eða starfsmenn hafa nú þegar um að framselja vald sitt vegna ákveðinna mála og málaflokka, er nauðsynlegt að kveða skýrt á um það hvernig endurupptaka mála eigi sér stað.

37. gr. Endurupptaka

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá bæjarstjórn, nefnd eða embættismanni ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til bæjarráðs eða viðkomandi fagnefndar, eftir atvikum, og verður að jafnaði að koma fram áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur bæjarráð eða viðkomandi fagnefnd ákvörðun um málsmeðferð.

Síðari ákvæði bæjarmálasamþykktar fá nýtt númer í samræmi við ofangreint.